



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 22. apríl 2025

MSS25010162

MINNISBLAÐ

Varðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um aukið samstarf grunn- og framhaldsskóla vegna framhaldsskólakynninga

Á fundi borgarstjórnar þann 28. janúar 2025 var lögð fram svohljóðandi tillaga Magneu Þóreyjar Guðlaugsdóttur, fulltrúa ungmennaráðs Árbæjar og Holta sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að finna leiðir til að auka samstarf grunn- og framhaldsskóla í Reykjavík vegna framhaldsskólakynninga fyrir 10. bekkina og hvetji til þess að stóra framhaldsskólakynningin verði haldin árlega að hausti til.

Greinargerð fylgdi.

Umsögn:

Mikið og gott samstarf er á milli grunn- og framhaldsskóla í tengslum við kynningar á námi framhaldsskóla fyrir nemendur 10. bekkja. Annað hvert ár er stór sameiginlegur viðburður sem er haldinn í samvinnu við mennta- og barnamálaráðuneytið, sveitarfélög og fagfélög iðn- og starfsgreina sem kallast *Mín framtíð*. Á þeim viðburði fá nemendur í 9. og 10. bekk tækifæri til að kynna sér fjölbreytt námsframboð flestra framhaldsskóla á landinu.

Náms- og starfsráðgjafar halda utan um árlegar kynningar þar sem nemendur grunnskóla fá tækifæri til að heimsækja framhaldsskóla og/eða fá kynningar inn í grunnskólana. Innan hverfa eru þeir einnig í miklu og góðu samstarfi. Hægt er að nefna samstarf í Suðurmíðstöð þar sem náms- og starfsráðgjafar hafa haldið eina sameiginlega kynningu þar sem fulltrúar framhaldsskóla kynna námsframboð síns skóla. Nemendur fá því fjölmörg og góð tækifæri til að kynna sér námsframboð framhaldsskóla.

Kynningar á námsframboði framhaldsskóla eru í góðum farvegi og undir öflugri stjórn og í góðri samvinnu fagfólks á vettvangi í grunn- og framhaldsskólum.



Reykjavík